

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní 2024 var haldinn hátíðlegur í Dalabyggð. Einnig var haldið upp á þau tímamót að Íslenska Lýðveldið var 80 ára og sveitarfélagið varð 30 ára þann 11. júní.

Dagurinn hófst á dagskrá í Nesoddahöllinni kl.11. Hestamannafélagið Glaður í samstarfi við Dalahesta teymdu undir börnum og Slysavarnadeild Dalasýslu grillaði pylsur fyrir gesti. Var góð stemming og margt um manninn þrátt fyrir smá rigningarúða.



Klukkan 13:00 hófst svo hátíðardagskrá í Dalabúð. Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri ávarpaði og setti samkomuna áður en Ingibjörg Þórunna Steinudóttir oddviti flutti hátíðarræðu. Skátafélagið Stígandi stóð heiðursvörð fyrir Fjallkonuna en það var hún Justyna Bartkowiak sem sinnti hlutverki Fjallkonu þetta árið með stakri þryði.





Guðmundur Sveinn Bæringsson flutti nokkur lög og í framhaldi afhenti UDN viðurkenningu fyrir „Íþróttamanneskja UDN 2023“ sem Jóhanna Vigdís Pálmadóttir tók við. Guðrún Blöndal hlaut kjör sem Dalamaður ársins 2024 og tók við viðurkenningu. Síðan svipti Þorgrímur Einar Guðbjartsson formaður menningarmálanefndar hulunni af höfundi nýs aðkomutákns við Búðardal en það var hann Svavar Garðarsson frá Hríshóli í Reykhólasveit sem hannaði verkið sem sett verður upp sunnan megin við þorpið.





Hestamannafélagið Glaður sá um stórglæsilegar veitingar fyrir gesti í boði Dalabyggðar og Nikkólína lék nokkur lög á meðan.



Á sama tíma var í gangi ljósmyndasýning úr 30 ára sögu sveitarfélagsins Dalabyggðar sem Valdís Einarsdóttir safn- og skjalavörður tók saman og bókinni *Fjallkonan. Þú ert móðir vor kær* var dreift til íbúa en hún var gjöf til landsmanna í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins.

Þegar formlegri dagskrá var lokið í Dalabúð stóð Skátafélagið Stígandi fyrir „Regnbogaskokki“. Upphaf leiðarinnar var við Dalabúð og farin um 1,3 km leið sem endaði þar aftur. Tónlist, fjör og allir regnbogans litir einkenndu skokkið sem var skemmtileg nýjung og fjör fyrir alla fjölskylduna. Slysavarnadeild Dalasýslu var með andlitsmálningu fyrir börnin og hoppukastala fyrir yngri börnin, deildin gaf börnunum sleikjó og fána að hlaupi loknu.



Klukkan 16:00 var svo hátíðar guðspjónusta í Hjarðarholtskirkju sem Sr. Snævar Jón Andrússon fór fyrir. Þá bauð Dalahótel frítt í sund allan daginn í tilefni af hátíðarhöldunum.

Menningarmálanefnd vill þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við að koma saman þessum skemmtilega degi og metnaðarfullu dagskrá. Félagasamtök, íþróttafélög, starfsmenn Dalabyggðar og íbúar sýndu þennan dag hvað samtakamáttur í sveitarfélaginu getur gert mikið. Þá var einstaklega gaman að sjá þátttöku í hátíðarhöldum í ár en um 150 manns mættu á hátíðardagskránnu í Dalabúð og vonum við að allir hafi geta gert sér glaðan dag.